



Komdu nú
og gefðu
mér koss!


Af hverju
þarf ég alltaf
að kyssa fólk?

Meinlaust?

Af hverju þarftu
að vera í svona
strákaíþrótt?

Þú værir svo
miklu sætari í
ballettbúningi.

Meinlaust?



Hættið með þessi
djöfulsins læti,
krakkar!

Meinlaust?

Það myndi aldrei
neinn öskra svona
á fullorðið fólk.



Ekki vera með
þetta rugl. Þú
ert bara barn.

Þau halda að
ég viti ekki
hver ég er því
ég er svo ungt.

Þau vilja
bara að ég
sé það sem
þau halda
að ég sé.


Meinlaust?



Þú ert svo sætur.
Áttu ekki kærustu?

Ég er bara
nín ára. Ég hef
ekki einu sinni
verið skotinn
í neinum.

Meinlaust?




Á hann ekki bara að fara fram á meðan?



þarf ég ekki kynfræðslu því að ég er með þroskahömlun?


Meinlaust?



Af hverju er hann að
fylgjast með okkur?

Var ekki
nóg að taka
bakpokana
okkar?

Meinlaust?



Meinlaust?

Hefur hún fundið
mikið til? Hversu
lengi hefur henni
verið illt?

Heldur
hann að
ég kunni
ekki að
tala?

